

2.fundur skólaráðs Hvassaleitisskóla

Viðstaddir fundinn voru; Dagný Kristinsdóttir skólastjóri, Anna M. Hlíðdal Halldórsdóttir og Þóra Björk Smith (sem ritaði fundargerð) fulltrúar foreldra, Sólveig Reynisdóttir og Birna Klara Björnsdóttir fulltrúar kennara og Hafdís Arnardóttir fulltrúi almenns starfsfólks.

Fyrir fundinn var skólastjóri búin að dreifa drögum að skóladagatali næsta skólaárs 2021-2022 og fyrstu drögum af starfsreglum skólaráðs.

Fundur var settur kl 8.30.

1. Skóladagatal næsta árs

Skólastjóri kynnti drög. Búið að samræma dagatalið við stjórnendur í Réttarholtsskóla. Skólastjóri búin að reyna að ná samtali við skólastjóra Austurborgar til að samræma skóladagatalið, mun ræða við skólastjórann til að samræma starfsdaga á milli skóla og leikskóla. Á eftir að ákveða einn starfsdag. 3 starfsdagar í hverfinu í Reykjavík. Reynt að dreifa starfsdögum eftir vikudögum svo að sömu tímar detti ekki út. Skóladagatal verður samþykkt á næsta fundi skólaráðs.

2. **Starfsmannamál.** Verið að auglýsa eftir starfsfólki fyrir næsta haust. 1 á miðstigi og 2 á yngsta. Viðtöl verða tekin á næstunni. Að auki var auglýst eftir heimilisfræðikennara og hönnunar- og smíðakennara.

3. **Starfsreglur skólaráðs.** Skólastjóri hefur sent út drög að starfsreglum skólaráðs og eru fulltrúar beðnir um að fara yfir reglurnar og senda inn athugasemdir fyrir 21. apríl næstkomandi. Reglurnar verða ræddar aftur á næsta fundi skólaráðs.

4. **Fulltrúi grenndarsamfélagsins.** Skólastjóri hafði samband við íþróttafélagið Víking en starfsfólk þar baðst undan því að tilnefna fulltrúa í skólaráðið þar sem þeir sitja þegar í skólaráðum í öðrum skólum í hverfinu. Samþykkt að finna fulltrúa fyrir haustið. Stungið var upp á fyrrverandi kennara í við skólann og mun skólastjóri hafa samband við þann aðila.

5. **Húsnæðismálin.** Búið að skoða ástand í stofum sunnan megin í skólanum. Ekki góð loftræsting og því eru loftgæði ekki góð. Ryksýni voru tekin í páskafríinu en skólastjóri hefur ekki verið upplýst um niðurstöður. 15.mars sendi skólastjóri tölvupóst til að spyrjast fyrir um niðurstöður á ástandi skólans en hefur ekki fengið svar, þrátt fyrir eftirgrennslan. Gert er ráð fyrir að þak og gluggar á suðurhliðum skólans verði lagfærð í sumar.

Þóra fulltrúi foreldra sagði frá því að foreldrafélög í hverfinu hefðu sent áskorun til Reykjavíkurborgar um að gera skólaráðum niðurstöður úttekta á skólum í hverfinu opinberar.

6. Önnur mál

- Póstur frá Heimili og skóla – fræðsla fyrir foreldra. Skólastjóri sendi á foreldrafélagið sem mun fara yfir málið.
- Kennsluáætlanir verða uppfærðar og gerðar aðgengilegar í haust. Mikil vinna hefur farið fram að aðskilja Hvassaleitisskóla frá Álftamýrarskóla tæknilega.
- Mentor – verður notað áfram í haust og hæfniviðmið sett þar inn. Með Mentor er auðveldara að vísa til aðalnámskrár fyrir veturinn.
- Litakóðar verða notaðir í stað bókstafa í 1.-6. bekk í vor en einkunnir 7. bekkjar verða í bókstöfum.
- Vorhátíð rædd – ekki tekin ákvörðun um hvenær hún verður haldin í ljósi takmarkana vegna sóttvarna.

Næsti fundur í skólaráði verður boðaður 19.maí kl 15.00.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið 9:30